

# Ársskýrsla alþjóðafulltrúa Fjölbrautaskóla Suðurlands 2008 – 2009



Lárus Bragason

## Formáli

Haustið 2008 tók undirritaður við stöðu alþjóðafulltrúa Fjölbrautaskóla Suðurlands og með þessari skýrslu lýkur fyrsta starfsári undirritaðs sem alþjóðafulltrúa. Kristín Runólfsdóttir veitti ómetanlega aðstoð í upphafi. Hún kom einnig að uppsetningu heimasíðunnar og án hennar aðstoðar hefði ekki tekist eins vel til. Fleirum skal þökkuð aðstoð. Örygur Karlsson skólameistari veitti oft góða aðstoð svo og Helgi Hermannsson. Þá má ekki gleyma snillingnum sjálfri Guðfinnu Gunnarsdóttur en hún fór með mér til Kína og vann vel að Kanadaheimsókninni. Að lokum þakka ég fyrir mig.

Kv Lárus Bragason

## Heimsókn Odder Gymnasium í F.Su. 12. mars 2009

Undirbúningur að heimsókn Odder Gymnasium hófst þegar í janúar er við fengum rafpóst frá Mette Daalsgaard íþróttakennara skólans. Elísabet Valtýsdóttir og Ida Lön tóku vel í þá hugmynd að fá Danina í heimsókn og hófu þegar að undirbúa þrógram. Bekkurinn samanstóð af fimm drengjum og tólf stúlkum. Með í fylgd yrðu tveir kennarar.

Elísabet vann að dagskrá dagsins og sendi til Mette Daalsgaard. Loksins rann upp 12. mars, rétt fyrir kl. 9.00 mættu Danirnir í anddyri skólans, flestir með inniskó með sér. Fyrsta kennslustundin var hjá Idu Lön í stofu 202, en það var danska 212. Þar hafði Ida raðað nemendum sínum niður í hópa sem spjölluðu við Danina á dönsku.

Eftir það var farið í kaffi í mötuneyti skólans og tóku hinir dönsku vel til matar síns

Í næsta tíma lóðsuðu kennararnir Aðalheiður Jónasdóttir og Sverrir Ingibjartsson Danina um skólabyggingarnar þrjár. Höfðu Danirnir á orði að þeir hefðu aldrei séð svona hreinan skóla. Þeir ætluðu að segja skólayfirvöldum heima hjá sér frá því að hægt væri að spara mikið fé á því að láta alla nemendur og kennara skólans vera á inniskóm þar sem útiskórnir geti oft verið óhreinir.

Kl. 11.20 fór hópurinn í dönsku 403 hjá Elísabetu Valtýsdóttur í stofu 211. Íslensku nemendurnir höfðu undirbúið glærukynningar um ýmis efni, m.a. kór skólans og félagslíf, íslenskar hljómsveitir, íslenska fatahönnun, frítíma unglunga o.fl. Danirnir sögðu frá skólanum sínum og bænum Odder svo og stærstu borg Jótlands, Árósum. Eftir þann tíma var hádegisverðarhlé sumir fóru út í búð aðrir í bakaríið eða bara í mötuneyti skólans. Hvað um það allir urðu saddir og vel það. Eftir hádegisverðarhlé var aftur farið til Idu Lön í dönsku 212, í stofu 315. Þar var sama dagskrá og hjá hinum hópnum hennar, þar sem dönsku og íslensku nemendurnir spjölluðu saman í litlum hópum.

Í síðasta tíma fóru dönsku krakkanir í stofu 106 þar flutti Elísabet fyrirlestur um skipulag skólans og áherslur, hinir dönsku nemendur voru mjög áhugasamir og spurðu margs. Mynd var tekin af hópnum. Dönsku kennararnir voru mjög ánægðir með móttökurnar og samveruna hafa áhuga á því að vera í sambandi áfram. Hópurinn bjó á Selfossi. Á föstudeginum fór hópurinn til Reykjavíkur, en á leiðinni til baka gerði vont veður svo ákveðið var að leggja strax af stað um kvöldið áleiðis til Reykjavíkur ef ná ætti flugi frá Keflavík snemma morguninn eftir, koma þurfti við á sjúkrahúsi í Reykjavík með nemandann sem hafði farið úr mjaðmalið fyrr í vikunni, en allt fór vel að lokum og allir náðu flugi.

## Heimsókn frá Dille Gårds Naturbruksgymnasium

Heimsókn frá Dille Gårds Naturbruksgymnasium í Svíþjóð 17. september. Að þessum samskiptum vann Hugrún Jóhannsdóttir á hestabrautinni, ásamt alþjóðafulltrúa Fjölbrautaskóla Suðurlands. Svíarnir komu í skólann kl 9.00 gengið var um skólann í fylgd alþjóðafulltrúa. Að því loknu var farið í stofu 7 í lðu þar sem farið var yfir skipulag og sögu skólans. Að þessari kynningu lokinni fóru Svíarnir til Hugrúnar í Austurkoti og skoðuðu starfsemi hestabrautarinnar.

## Norrænir námsráðgjafar í heimsókn

Fimmtudaginn 7. maí komu fimmtán norrænir námsráðgjafar í heimsókn í F.Su. Alþjóðafulltrúi tók á móti hópnum og gekk um skólann. Að skoðunarferðinni lokinni var boðað til fundar í stofu 207 þar sem glærur um sögu og skipulag voru syndar. Gestirnir spurðu margs. Gestirnir voru einnig sammála um að skólinn væri snyrtilegur og vel um hann gengið og öllu vel við haldið.

## Heimsókn frá Jyllands-posten

Föstudaginn 5. desember fengum við hér í Fjölbautaskóla Suðurlands í heimsókn Jette Elbæk Marsesa einn ritstjóra hins fræga dagblaðs *Jyllands-posten* og ljósmyndara hennar Sanne Axelssen. Það var okkur sannur heiður að taka á móti svo tignum erlendum gestum. Alþjóðafulltrúi sýndi gestum skólann, en þetta var í miðjum prófum. Eftir það var boðað til fundar með skólameistara og nokkrum meðlimum nemendaráðs. Gestirnir tóku myndir af nemendum og bílum þeirra. Aðaltilgangur heimsóknar þeirra var að kynna áhrifum kreppunnar á ungt fólk á Íslandi og skólastarf.

## Kynningarfundur Hótel Selfossi 11. mars

Miðvikudaginn 11. mars fór alþjóðafulltrúi á fund á Hótel Selfossi. Þar fór fram kynning á Comeníusarverkefni Fjölbautaskólans sem unnið var um fordóma, *Who am I, Who are we, Who are they*. Þetta var samvinnuverkefni margra Evrópuþjóða og dæmi um eitt af fjölmörgum verkefnum sem unnin eru á vegum Evrópusambandsins. Kynningin gekk vel, sýnd voru mörg verkefni sem nemendur höfðu unnið. Gestir fundarins sem komu víða að af Suðurlandi hrifust af og spurðu margs.

## Heimsókn sænskra verkmenntakennara

Fimmtudaginn 9. október komu tveir sænskir verkmenntakennara í heimsókn í FSu og einn Íslendingur í heimsókn. Það voru þeir Steinþór Þorsteinsson kennari við tréiðnaðardeild Fjölbautaskólans í Breiðholti, Per Gustavsson, Gautaborg og Eiron Johannson, Bräckebyggimnasiet í Gautaborg.

Heimsóknin hófst með stuttri kynningu hjá alþjóðafulltrúaskóla skólans sem var í lðu stofu 7. Í kynningunni var farið nákvæmlega yfir skipulag skólans, námsbrautir og námsframboð. Að því loknu var gengið um skólann og hann skoðaður nákvæmlega. Að mati gesta virkar skólinn snyrtilegur og skipulagður.

## Comeniusarverkefni veturinn 2008-2009... I can make a difference..

Um haustið hófst þetta verkefni, sem staðið hafði í þrjú ár, með Þriðja fundur Comeniusar-verkefnisins Global Warming – I Can Make a Difference var haldinn í tækniskólanum LiTec í Linz, Austurríki vikuna 6. – 10. október.

Á mánudag kynntu nemendur frá Íslandi, Spáni og Frakklandi skóla sína og land á fundi í LiTec. Að loknum fundi var farin skoðunarferð um Linz og sögufrægir staðir skoðaðir.

Á þriðjudag tók umhverfismálaráðherra Efra Austurríkis á móti okkur, þar var verkefnið kynnt fyrir honum auk þeirra verkefna sem unnin hafa verið í LiTec í tengslum við Global Warming – verkefnið.

Ráðherrann sýndi verkefninu mikinn áhuga og óskaði hópnum alls hins besta. Að lokinni heimsókn í ráðhús Linz var haldið til VOEST, stærstu stálverksmiðju Austurríkis, sem staðsett er í Linz. Haldinn var fyrirlestur fyrir nemendur og kennara þar sem starfsemin var kynnt og heimskort sýnt þar sem helstu framleiðslulönd stáls voru sýnd, þar komumst við að því að Ísland var ekki á kortinu!

Haldið var til Salzkammergut á miðvikudagsmorgun, gengið um íshelli og svo á topp Krippenstein í 2109 m.y.s. þar sem sá yfir Dachstein-jökul. Á leiðinni heim var stoppað í Halstatt, mjög fallega gamals bæjar sem enginn vegur lá til þar til nýlega. Húsin þar voru byggð upp í snarbratta fjallshlíð. Svæðin sem við heimsóttum eru á heimsminjaskrá UNESCO.

Á fimmtudag var haldinn annar fundur í LiTec þar sem þau verkefni sem unnin hafa verið í hverjum skóla fyrir sig voru kynnt og áhugaverðar umræður tengdar þeim fóru fram.

Hin fallega borg Salzburg var heimsótt á föstudeginum. Gengið var um götur og garða borgarinnar, byggingar barðar augum, Mozart heimsóttur og Mozart-kúlur borðaðar.

Á laugardag héldu flestir til síns heima, við Íslendingarnir héldum heim á sunnudag. Vetarstarfið fór svo í að undirbúavorferðina er farin var í lok apríl.

Um veturinn var unnið að undirbúningi heimsóknar til Gijón á Spáni sunnudaginn 19. Apríl. Þessi ferð var lokahluti Comeniusarverkefnis um hnattræna hlýnun( Globalwarming- I can make difference) farið var í heimsókn í Aistariáshérað á N-Spáni. Að verkefninu stóðu skólar í Austurríki,Frakklandi,Spáni ásamt F.Su. Nemendur gistu á heimilum í Gijon. Í ferðina fóru Harpa Hrönn Grétarsdóttir, Gunnar Guðni Harðarson, Sebastian Sævarsson Meyer og Haraldur Ívar Guðmundsson kennarar með í för voru Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson.

Meginverkefni þessarar ferðar var að semja tíu umhverfisboðorð og vinna að lokafrágangi verkefna. Kennarar unnu drög að lokaskýrslu um verkefnið. Nemendur og kennarar unnu þrjú daga að verkefnum í skólanum í Gijon og tveir dagar voru notaðir skoðunarferðir um Asturiashérað. Meðal annars var heimasótt kolarannsóknarstöð í höfuðborg héraðsins, Ovideo. Þar er verið að rannsaka leiðir til að draga úr mengun frá kolaraforkuverum. Einnig var farið upp í fjallgarðinn „ Picos de Europa“ sem afmarkar suðurmörk Asturiashéraðsins. Mikið var lagt upp úr því að kynna ríkulega og sérstaka matyarmenningu héraðsinsog fengu gestir aðkynnast framandi mat og drykkjum. Heimsóknin heppnaðist mjög vel í allastaði og nemendur F.Su. voru okkur öllum til sóma

## Stutt skýrsla um Kínaferð alþjóðafulltrúa Fsu á haustönn 2008.....

21. október 2008 lagði af stað föngulegur hópur nemenda og kennara F.Su til Kína. Í hópnum voru 15 nemendur og tveir kennarar,,,,, undirritaður alþjóðafulltrúi F.Su kom til liðs við hópinn í byrjun október 2008, en þá hafði undirbúningur staðið í nokkuð langan tíma. Skólameistari og aðstoðarskólameistari höfðu heimsótt vinaskóla okkar í Kína Daxing no 1 Middel School haustið áður og urðu þeir ákaflega hrifnir af kínverska skólanum einnig hafði einn af enskukennurum skólans heimsótt F.Su á útmánuðum 2008, Mr Cheng að nafni. Haustmánuðir fóru að mestu í fjáröflun. Nemendur og kennarar hittust einu sinni í viku þar sem farið var vandlega yfir alla þætti ferðarinnar undir öruggri stjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur, er kennt hafði nemendum veturinn áður.



Að lokum rann upp brottfarardagurinn 17 manna hópur lagði af stað frá Fjölbrautaskólanum framundan var langt og strangt ferðalag yfir hálfan hnöttinn talsverð spenna og eftirvænting var í lofti . Farið var með rútnni til Keflavíkur með stuttu stoppi í Hveragerði þar sem tveir nemendur vortu teknir um borð. Frá Keflavík var flogið til Englands nánar tiltekið til Heathrow. þar þurftu ferðlangarnir að bíða í nokkra klukkutíma eftir flugi Til Beijingborgar í Kína. Flogið var með stórri Boengpotu frá London austur til Kína, var flugið afar þægilegt kom þessi farkostur undirrituðum mjög á óvart. Lent var rétt fyrir hádegi á flugvelli í Beijingborg aðeins var mistur en veður stillt og þægilegt. Flughöfnin var vægast sagt gríðarstór og allt vel skipulagt og eftir stutta vegabréfaskoðun fórum við um borð í lest ferðinni var heitið á þann stað hvar afhenda átti farangurinn, slíll var stærð flughafnarinnar, eitthvað sem ég hafði ekki séð áður . Þetta var í takt við það sem við áttum eftir að sjá,,,,allt var svo stórt. Á flugvellum tók á móti okkur einn kennara skólans mr Lee hann átti eftir að fylgja okkur eftir alla ferðina og gerði það ákaflega vel.

Það var upp úr miðjum degi að við komum í Daxing no 1 Middle . Við byrjuðum á því að hitta skólameistara í litlu fundarherbergi hann fór vel yfir helstu viðburði er framundan væru næstu daga. Eftir fundinn fórum við í stutta skoðunarferð um skólann í fylgd skólameistara, sérstaklega var gaman að skoða söguherbergi skólans. Að skoðunarferð lokinni voru nemendur okkar kynntir fyrir væntanlegum félögum sínum en nemendur okkar áttu að gista á heimilum nemenda skólans. Tilgaangurinn var jú að efla kynni nemenda skólanna og það var best gert með því að okkar nemendur byggju á kínverskum heimilum. Við borðuðum nú ekta kínverskan mat í mótuneyti skólans. Að því loknu fóru nemendur heim með félögum sínum en við kennararnir fórum á nálægt hótél í fylgd mr Lee, sem gætti okku ákaflega vel.



Það voru ákaflega vel hvíldir og sælir sunnlenskir kennarar sem vöknuðu morguninn eftir. Morgunverður beið okkar, svolítið sérstakt að hefja hvern morgun með heljar matarveislu eitthvað sem við vorum ekki vön að gera. En nú beið okkar alvöru kínverskur skóladaður. Hann hófst með því að allir nemendur, rétt um 3000 söfnuðust saman á í þróttavelli skólans og gerðar voru íþróttæfingar, allir marseruðu í takt. Tilkomumikil sjón það. Sennilega væri þetta sniðug hugmynd fyrir F.Su. Þá lá leið okkar í kennslustund í ensku. Þar var ungur kennari er hafði góð tök á hópnum. Nemendur virtust vera þrýðilega einbeittir við námið unnu vel. Athyglisvert var hversu margir nemendur voru í hverjum bekk. Þeir virtust afslappaðir og vel vinnandi, sínum margföldu endurtekingum. Að enskukennslustund lokinni fórum við í kennslu í tónlist Stefán þeirra kvínversku var myndarleg kona er var að fjalla um kínverskar óperur, greinilega mjög dramatískar. Þá var komið að kennslustund í kínversku og mikið eru tungumálin ólík og segjast verður að íslensku nemendurnir voru kennurum fremri í kínverskunáminu. Þá var komið að hádegisverði sem veittur var í skólanum, frábær eins og alltaf. Eftir hádegisverðin var samskiptafundur í fyrirlestrasal skólans. Þar lögðu kínversku krakkarnir áherslu á sögu landsins og arkitektúr. Sá er ekki af smærra taginu aðeins fundum við til minnimáttarkenndar þegar við sýndum myndir af íslenska torfbænum en ekki brást íslenska náttúran hún stendur alltaf fyrir sínu, hvar sem er og hvenær sem er. Þessi samskiptafundur tókst afar vel. Að honum loknum var matur fyrir okkur í skólanum frábær eins og vanalega. Það voru þreyttir og sælir kennarar sem fórum heim á hótél í fylgd mr Lee.

Daginn eftir var komið að íþróttahátíðinni, hún var mjög tilkomumikill. Hófst með mikilli skrúðgöngu þar sem hver bekkur vann eftir ákveðnu þema bekkjarkennarans. Þetta var í fáum orðum sagt glæsileg sýning. Þessi sýning markaði nokkurs konar upphaf tveggja daga íþróttakeppni. Eftir hádegi fórum við í heimsókn í íslenska sendiráðið í Beijing. Þar var eins og annarsstaðar kína tekið frábærlega vel á móti nokkur. Sendiherrann sýndi okkur sendiráðið og kynnti okkur sendiráðið og veittar voru veitingar. Starfsmenn sendiráðsins svöruðu fyrirspurnum. Að þessum fundi loknum fóru nemendur heim til heimila sinna í fylgd félaga.

Þá var komið að ferðum, farið var að morgni í fylgd leiðsögumans, gjarnan fylgdu einn eða tveir ensku kennarar. Þennan dag var farið í Sumarhöllina. Leiðsögumaðurinn lagði mikla áherslu á að halda hópinn hann var sjálfur með veifu, mynd af Pöndu. Sumarhöllin er 270 hektara svæði með mörgum höllum og göngum og hvað allt er stórt. Leiðsögumaðurinn þekkti svæðið mjög vel, fór í gegnum keisarásögurnar. Merkilegt var að fara á milli herbergja keisarans og drottningar, gangurinn á milli var kílómeters langur.

Að lokinni dvöl í Sumarhöllinni var farið á perlumarkað hvar borðað var að lokinni skoðunarferð um perlumarkaðinn Þá lá leið okkar að Torgi hins himneska friðar, þar sem grafhýsi Mao formanns er. Leiðsögumaðurinn sagði okkur að einugis væru 300 000

manns á torginu það þótti okkur allnokkur fjöldi. Það er sannarlega sérstök tilfinning að vera á Torgi hins himneska friðar sjá alla gömlu mennina komna til að heimsækja sinn gamla formann. En tilgangur okkar var að skoða Forboðnu borgina. Það er talsvert verk því þar eru margar byggingar. Þar eyddum við þremur klukkutímum skoðuðum hverja höllina á fætur annari og þvílíkar byggingar. Að skoðunarferð lokinni heimsóttum við vinsælasta háskólann í Beijing, Qing Hua háskólan með tæplega 30 000 nemendum. Leiðsögumaður um svæðið var einn nemenda skólans. Þetta var merkileg reynsla að skoða allt svæðið. Ljóst var af þessari heimsókn að ekki minnst menn Menningarbyltingarinnar með

mikilli ánægju. Áður en komið var heim á Hótel var Ólympíuleikvangurinn í Beijing heimsóttur, enn eitt meistaraverk kínversks arkitektúrs. Sannarlega var tilkomu mikið að koma á leikvanginn en frá þessum leikum eigum við Íslendingar góðar minningar

Næstu daga heimsóttum við marga eftirminnilega staði. Má þar minnast að einn daginn fórum við úti í sveit og heimsóttum sjálfbært lífrænt þorp, Liuminying hvar 800 íbúar búa.

Öll orka þorpsins er framleidd með því að safna úrgangi og unnið er úr honum metangas sem rafmagnsframleiðslan byggir á. Eftir stutta kynningu í fundarsal félagsheimilis þorpsins fórum við í stutta gönguferð um þorpið við skoðuðum gróðurhús og skemmtigarð hvar við borðuðum. Eftir þessa heimsókn lá leiðin heim en á leiðinni stoppuðum við og skoðuðum barnaskóla. Þennan skóla hafði forseti Kína heimsótt árið áður og var skólinn afar stoltur af þeirri heimsókn. Þetta var skemmtilegur staður að heimsækja flutt voru þaulæfð tónlistaratriði í fallegum gördum er hluti voru af skólanum. Þessi skóli var í útjaðri Beijing. Það var svolítið sérstök upplifun að sjá marga þorpsbúa bíða við hliðið þegar við fórum heim við vorum greinilega nokkuð sérstök í augum þeirra. Ekki má gleyma því að í lok hvers dags tók mr Lee á móti okkur og fór með okkur út að borða já gestrisni umhugsun Kínverja var einstök.

En nú var komið að því, Kínamúrinn skyldi heimsóttur. Það er einhver undarleg tilfinning sem fer um hugann þegar múrinn er heimsóttur. Það er eitthvað óraunverulegt við þetta allt saman. En lygn streymir Don af silaðist rútan inn á milli stórfengra fjalla en kínversku fjöllin eru falleg, loftið hreint og tært, en í kjölfar Ólympíuleikanna síðastliðið sumar gerðu Kínverjar stórátak í umhverfis og hreinlætismálum. Að lokum komum við múrnum. Þetta er gríðarlegt mannvirki sem liðast um há og hvöss fjöllin upphaflega reistur til varnar óvinabjóðum. Múrinn er mikið mannvirki með varðturnum með stuttu millibili. Útsýni af múrnum er mikið. Að lokinni þessari heimsókn lá leiðin niður í miðborg Beijing þar sem hinn heimsfrægi Perlumarkaður var heimsóttur þar var gaman og gott að versla. Eftir það lá leiðin heim og nú sváfu allir á hóteli enda var þetta síðasta nóttin.



Jæja nú var heimferðin framundan. Dagurinn var tekinn snemma ekið var með hópinn frá skólanum á flugvöllinn þann stærsta og best skipulagða sem undirritaður hefur séð. Við tók nú langt flug alla leið til London er við tók stutt bið eftir flugi til Íslands. Í Keflavík var lent á miðnætti, framundan stutt ferð á Selfoss. Heim var komið kl 14.20 allir þreyttir og sælir, mjög.



## Námsdvöl kanadískra kennaranema á vorönn 2009.

Undirbúningur námsdvalar kanadísku kennaranema hófst strax haustið 2008, en þeir eru frá St. Francis University, Antigonish, Nova Scotia. Haldnir voru nokkrir fundir á skrifstofu skólameistara þar sem móttaka kennaranemanna var undirbúin, að undirbúningi að hálfu skólans unnu Örlygur Karlsson skólameistari, Guðfinna Gunnarsdóttir enskukennari og Lárus Bragason alþjóðafulltrúi, en Guðfinna bar hitann og þungan af samaskiptum við Kanadamennina. Aðaltengiliður ytra var Dr Jeff Orr gamall skólabróðir Sigurðar Sigursveinssonar. Unnið var að undirbúningi næstu mánuði mikil vinna var lögð í alla skipulagningu. Samband var haft við nokkra kennara og tóku þeir bón okkar afar vel, að taka á móti kanadískum kennaranemum var sjálfsagt mál.

Snemma sunnudags 15. mars 2009 lentu 9 kennaranemar ásamt Jeff Orr á Keflavíkurlflugvelli kl 6.00. Sigurður Sigursveinns og Örlygur Karlson fóru á móts við hópinn sem kominn var til Reykjavíkur. Hópurinn var fluttur á Selfoss hvar þau áttu að dveljast nánar tiltekið í Gesthúsum. Sama dag var stutt leiðsögn um skólann.

Í hópnum voru á samt Jeff Orr, Marie Claire Boudreau sem kenndi knattspyrnu, dans, leikfimi og ensku. Katie Harpmann kenndi stærðfræði, leikfimi og ensku. Gerri Ryder kenndi ensku og félagsfræði. Aaron Wile kenndi félagsfræði og ensku. Allison Gurnham kenndi stærðfræði, ensku og sund. Joy Noseworthy kenndi frönsku, stærðfræði og ensku, Sarah Laundr y kenndi ensku og frönsku. Ben Hudsson kenndi knattspyrnu, stærðfræði og ensku. Nicole Cox kenndi ensku á atvinnulífsbraut og í fornámi og kenndi einnig leikfimi.

Mánudaginn 16. mars hófst kennslan hjá nemendum unnu þeir næstu þrjár vikurnar við kennslu í F.Su. Jeff var eina viku með nemendum en að vikudvöl lokinni fór Jeff af landi brott en í staðinn komu heiðurshjónin Mark og Ilze Firminger sem fylgdu nemendum eftir út dvölinu á Íslandi.

Þegar í páskafrið kom tóku kanadísku kennaranemarnir sér ýmislegt fyrir hendur svo sem fara í gönguferðir, á hestbak og ýmislegt annað. Einnig tóku þeir þátt í gönguferðum sem haldnar voru á vegum skólans í tengslum við sérstakan gönguáfangu sem Sverrir Ingibjartsson sá um.

Kennaranemarnir heimsóttu einnig kennslufræðideild Háskóla Íslands, skoðuðu skólann allan og kynntu sér kennaranám á Íslandi. Þar voru viðraðar hugmyndir um að fá nemendur í heimsókn í enskudeild kennslufræða ef að annar hópur heimsækir FSU síðar.

Einnig heimsóttu kennaranemarnir grunnskóla á svæðinu, fóru í dagsheimsókn í Vallaskóla og Sunnulaekjarskóla, en einnig fóru þau í tvær heimsóknir í Hvolsskóla þar sem þau fengu kynningu annan daginn og tækifæri til að kenna hinn daginn.

Nemarnir kvöddu skólann á kennarafundi 17. Apríl og skyldu eftir sig kanadískan banka, gangabanka sem með allskonar skemmtilegum kennsluáferðum og æfingum sem að kennarar hafa aðgengi að á bókasafni skólans.

Hópurinn var afskaplega ánægður með dvölinu og það kennsluumhverfi sem er hér við skólann og hafa forráðamenn kennsluviðs St. Francis háskólans í Nova Scotia lýst yfir áhuga á frekara samstarfi um vettvangsnám kennaranema sinna hér í FSU.

Kennarahópurinn sem kom að verkefninu var stór um 18 manns og athyllisvert hversu vel allir tóku í að taka þátt og hversu jákvæðir þeir voru um samstarfið. Lögð var fyrir hlutaðeigandi kennara könnun á ANGEL um viðhorf til þessarar reynslu og sýna niðurstöður svo ekki verður um villst að menn voru ánægðir með þessa reynslu.

Verkefnið gekk því upp, en forsendurnar sem þurfa að vera til staðar eru þær að nemendur greiða sjálfir fyrir ferðir, fæði og uppihald á meðan ferðinni stendur og að þeir kennarar við skólann sem velja að fá kennaranema til sín, taki ekki greiðslu fyrir.

Ef af því verður er vert að velja fyrir sér möguleika á að lengja kennslutíma kennaranema úr 3 vikum í 5 vikur og blanda þar inn í kennslu á fleiri skólastigum, en aðgengi hér til kennslu á öllum skólastigum er einstaklega gott að því gefnu að nemendur dvelji í Gethúsum líkt og þeir gerðu í ár.